

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
Sími: 411-6060 / Fax: 411-6070
borgarskjalasafn@reykjavik.is
www.borgarskjalasafn.is

Hvíta Stríðið

Pétur Pétursson, þulur

- Skjalaskrá -

Einkaskjalasafn nr. 248

Hvíta stríðið

Pétur Pétursson þulur

Pétur Pétursson, þulur, er fæddur 16. október 1918 og er landskunnur útvarpsmaður. Í þessu skjalasafni er að finna gögn er Pétur hefur viðað að sér í gegnum tíðina vegna rannsókna sinna á Hvíta stríðinu svokallaða. Pétur hafði áður afhent Landlæknisembættinu skjölin en taldi þau betur komin í vörslu Borgarskjalasafns Reykjavíkur. Hefur Pétur lagt mikla vinnu í rannsóknir og aflað heimilda á innlendum sem erlendum skjalasöfnum og hjá stofnunum, félögum, mönnum og konum. Um er að ræða mikið af afritum af skjölum og blaðagreinum en einnig er að finna frumrit skjala.

Hvíta stríðið eða Drengsmálið voru átök sem vöktu alþjóðarathygli í nóvembermánuði árið 1921 er fjölmennt lögreglu lið réðst inn til Ólafs Friðrikssonar, ritstjóra Alþýðublaðsins og hugðist taka fastan rússneskan pilt er Ólafur hafði tekið til fósturs og haft með sér heim af Alþjóðþingi kommúnista í Moskvu. Sögur gengu um það að pilturinn, Nathan Friedmann, ætti að þýða bréf og skjöl og stuðla að útbreiðslustarfi kommúnista hér á landi. Þegar í ljós kom við læknisrannsókn að Nathan var haldinn augnsjúkdómi (trachoma) vildu stjórnvöld ekki fallast á landvistarleyfi hans vegna smithættu. Ólafur hélt því fram að sjúkdómur þessi væri tregsmitandi og vel læknanlegur hér á landi. Stjórnvöld töldu sjúkdóminn bráðsmitandi og ólæknandi. Ólafur Friðriksson taldi hins vegar að um pólitískar ofsóknir á hendur sér væri að ræða og freistaði hann þess að halda drengnum með liðsinni fylgismanna sinna. Með aðstoð um 400 manna varalögreglu, merkt hvítum borðum, tókst að ná drengnum úr höndum Ólafs og stuðningsmanna hans og var hann sendur úr landi. Ólafur og nokkrir aðrir fylgismenn hans voru fangelsaðir og dæmdir fyrir brot sín en síðar náðaðir.

Í rannsóknum sem Pétur Pétursson og Ásgeir Guðmundsson hafa gert hefur það komið í ljós í gögnum sem þeir hafa fundið á skjalasöfnum að íslenskir trakómasjúklingar hafa fengið bót meina sinna og hlotið fullan bata sjúkdómsins í umsjá íslenskra lækna.

Pétur Pétursson útvarpaði á sínum tíma 12 útvarpsþáttum um Hvíta stríðið og tók þar viðtöl við sjónarvotta og aðra sem málið varðaði auk þess sem hann kom að útgáfu bókarinnar Réttvísinn gegn Ólafi Friðrikssyni árið 1986.

Skjöl sótt til Péturs Péturssonar að Garðastræti 9 í Reykjavík 21. janúar 2003.

Skjalaskrá

Askja 1

Bréf til Péturs Péturssonar vegna rannsókna hans á Hvíta stríðinu 1981-2002.
Útsent bréf Péturs Péturssonar 1981.

Frétt af vef Landlæknisembættisins dags. 16. september 2002 um afhendingu Péturs Péturssonar á gögnum um Hvíta stríðið til embættisins.

Grein Péturs Péturssonar í Þjóðviljanum dags. 31. janúar 1987.

Blaðaúrklippa með málaðri mynd af Ólafi Friðrikssyni, Steini Steinarr og Sig. Jónassyni eftir Örylg Sigurðsson.

Útgefin smárit:

Píslarþankar hljóðandi um þá ena fyrri og síðari Herleiðingu ens Eðla Dánumanns Ólafs Friðrikssonar. Diktaðar af Jónatan Pálssyni „revisor“ m.m. Útg. 1922.

Píslarþankar hljóðandi um þá ena fyrri og síðari Herleiðingu ens Eðla Dánumanns Ólafs Friðrikssonar. Diktaðar af Jónatan Pálssyni „revisor“ m.m. Útg. 1922.

Fylluljóð. Útg. 1922.

Lögregluljóð. Ort í tilefni af viðburðunum 18. nóvember 1921.

Um Bolchewicka eftir Nesettó. Reykjavík 1922.

Við andlát íhaldsins eftir Ólaf Friðriksson. Útg. 1924.

„Hvíta stríðið“ Atburðirnir í Reykjavík, nóvember '21. Sýning í Listasafni Alpýðu, 22.-31. maí '82 á vegum Sögusafns Verkalýðshreyfingarinnar. [Bæklingur].
Vinnuþagbætur Péturs Péturssonar vegna sýningarinnar.

Morgunblaðið 21. nóvember 1921 þar sem er foríðufrétt um Hvíta stríðið.

Ljósmyndir er Pétur Pétursson hefur safnað saman er tengjast Hvíta stríðinu á einn eða annan hátt, flestar ómerktar. Þar eru m.a. myndir af Nathan Friedmann, Ólafi Friðrikssyni og öðrum samtímamönnum er komu að atburðunum í nóvember 1921.

Gestabók frú Önnu Friðriksson 1928-1946. Þar er m.a. að finna rithönd Nathans Friedmann er hann kom til landsins árið 1931.

Lögreglublaðið maí 1968. Í blaðinu er greinin „Rússadrengurinn“ (bls. 9-13) eftir Sv. St.

Askja 2

Vinnublöð Péturs Péturssonar vegna rannsókna hans um Hvíta stríðið.

Slittrur úr handriti Péturs Péturssonar vegna útvarpsþáttar hans um Hvíta stríðið.

Askja 3

Frásagnir sem Pétur Pétursson safnaði saman frá samtímamönnum og ýmsum öðrum er tengdust með einum eða öðrum hætti Hvíta stríðinu. Frásagnir frá eftirfarandi:

Valtýr Stefánsson, Atli Ólafsson, Ottó Ólafsson, Jóhanna Egilsdóttir, Haraldur Jóh.

Jófríðarstöðum, Haukur Björnsson, Gunnar M. Magnúss, Hannibal Valdimarsson, Haraldur L.

Bjarnason, Hilmar Norðfjörð, Guðmundur ?, Ingibjörg Vilhjálmsdóttir, Óskar Jóhannsson,

Sólveig Eyjólfsdóttir, Guðbjörn prentari, Stefni R. Run, Þorleifur Jónsson fyrrverandi

lögregluþjónn, Jóhanna Kuld, Jón Skagan, Erlingur Hjaltsted, Sigurður Schram, Kristinn

Einarsson, Stefán ?, Ásgeir Ólafur, Kristmann Borgfjörð Guðmundsson, Helgi Jónsson, Anna

Oddsdóttir, Ágúst Friðriksson, Arndís Kjartansdóttir, Ásgeir Ólafsson, dýralæknir, Haraldur

Bjarnason, bóksali, Þorsteinn Pjetursson, Lúðvík Hjálmtýsson, Guðlaug Narfadóttir, Hanna

Friðfinnsdóttir, Séra Garðar Svavarsson, Emma Samúelsdóttir, Finnur Jónsson, listmálari,

Þórarinn Þórarinnsson, Þorbergur veggfóðrari Frakkastíg, Herdís M. Brynjólfsdóttir, Steingrímur

Guðmundsson, Sveinn Ólafsson, Unnur Pétursdóttir, Ásgeir Ólafsson, Ísleifur Sigurjónsson, Dís

Atladóttir, Valdimar Stefánsson, Markús bryti, Jón Pálsson, Valdimar Þórðarson, Siggí sendill,

Haraldur Norðdal, Hróðný Pálsdóttir, Atli Steinarsson, Einbjörg ?, Jóhann sendimaður í

Landsbanka, Jón pósthústrúi, Magnús Þórðarson, Runólfur Björnsson, Jón Erlendsson, Guðgeir

Jónsson og kona hans Guðrún, Kristján Jónsson, Ottó Guðjónsson, Sigurbjörn Þorkelsson, Vilmar Thorstensen, Guðlaugur Jónsson, fyrrverandi lögregluþjónn, Helga Thoroddsen, Jafet Ottóson, Svava Hjaltalín, Sveinbjörn Sigurjónsson, Ólafía Þórðardóttir, Hjalti Gunnlaugsson, Stefán Jóhann Stefánsson, Steinþóra Einarsdóttir, Guðlaugur Jónsson, léttatrákur í Gullfossi og óþekktir.

Listi yfir viðmælendur Péturs Péturssonar.

Ljósrit af blaðagrein eftir Halldór Laxnes um Hvíta stríðið ódags. ásamt umfjöllun um Halldór.

Frásögn Úlfars Þórðarsonar augnlæknis um trakóma.

Askja 4

VHS myndband af spjalli Péturs Péturssonar um Hvíta stríðið í MÍR salnum 17. nóvember 2001. Kassetta með laginu „Hulina vals“ eftir Marinó Sigurðsson bakara leikið af Haraldi Björnssyni málara á Húsavík um 1988.

Askja 5

Afrit skjala og blaðagreina sem Pétur Pétursson hefur viðað að sér í rannsókn á Hvíta stríðinu:

Fundargerð Jafnaðarmannafélags Reykjavíkur 1922.

Fundargerð Sjómannafélags Reykjavíkur 1922.

Gjörðabók Fundafélags Húsavíkur 1922.

Fundargerð stúkunnar Einingar 1921.

Fundargerð Verkamannafélagsins Baldurs 1922.

Greinar úr Skinfaxa 1921.

Fundargerðir Framtíðarinnar 1927.

Fundargerð Verkakvennafélagsins Framsóknar 1922.

Fundargerð Stúdentafélagsins 1922.

Fundargerð Hásetafélags Reykjavíkur 1915.

Skipshafnarskrá s/s Walpole 1923.

Skipshafnarskrá Ýmis frá Hafnarfirði 1923-1924.

Nathan Friedmann um kapitalismann, ódags.

Hvers vegna er ég kommúnisti en ekki sósíaldemókrat eftir Ólaf Friðriksson 1922.

Áhugalið Alþýðu – félagatal 1921.

Teikningar af húsi Ólaf Friðrikssonar, Suðurgötu 14.

Bréf Þorb. Kjartanssonar dags. 4. desember 1921.

Bréf Sveins Björnssonar, sendiherra 23. febrúar 1922.

Skýrsla um Hvíta stríðið, ódags.

Ýmis skjöl er varða Hvíta stríðið.

Dagblaðagreinar er varða Hvíta stríðið 1921-1922.

Frétt úr Daily Mail og Daily Herald 1921 um Hvíta stríðið.

Askja 6

Afrit skjala og blaðagreina sem Pétur Pétursson hefur viðað að sér í rannsókn á Hvíta stríðinu:

Skjöl er varða sakamál á hendur Hendrik Ottóssyni, Ólafi Friðrikssyni, Reimari Eyjólfssyni og Ásg. G. Möller 1922.

Skjöl er varða vist Nathan Friedmann í Danmörku 1921-1922.

Skjöl frá Þjóðskjalasafni Íslands um lækningu Nathan Friedmann 1921-1922.

Lögregluþingbók Reykjavíkur 1921.

Lögregluskýrslur 1921.

Bréf frá Dóms- og kirkjumálaráðuneyti 1922.

Skjöl er varða meðferð við augnsjúkdómi Nathan Friedmann.

Skjöl íslenskra yfirvalda um sjúkdóm Nathan Friedmann 1921-1922.

Skjöl er varða samskipti við Nathan Friedmann 1922.

Skýrslur og bréf frá Lögreglunni í Reykjavík varðandi Hvíta stríðið 1921-1922.

Sjúklingar á Farsóttarhúsi Reykjavíkur 1921.

Skjöl íslenskra yfirvalda varðandi Nathan Friedmann 1921 ásamt bréfi Önnu Friðriksson til Jóns Magnússonar 1921.

Hvítliðar og hjálparmenn lögreglu 1921.

Blaðaúrklippur.

Ýmis skjöl um Marínó Sigurðsson, trakómasjúkling.

Ýmis skjöl um Önnu Sveinsdóttur, trakómasjúkling.

Skráð: Njörður Sigurðsson